

Alþingi
Erindi nr. P 136/1415
komudagur 20.3.2009

Nefndarsvið Alþingis
B.t. Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20 mars, 2009

Efni: Umsögn FÍS um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1997 um vörumerki

I. Almenn

Vísað er til erindis háttvirtar viðskiptanefndar Alþingis dagsett 19. mars 2009 þar sem óskað er umsagnar FÍS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um nr. 45/1997 um vörumerki.

FÍS telur að umrætt frumvarp sé komi á móts við ákveðinn meinbug á lögum en leiðrétti hann engu að síður ekki að fullu.

II. Ábendingar

1. gr. frumvarpsins er svohljóðandi:

„Hafi eigandi vörumerkis markaðssett vöru eða þjónustu sem nýtur vörumerkjaréttar eða heimilað slíkt innan Evrópska efnahagssvæðisins getur hann ekki síðar hindrað notkun, sölu, leigu, innflutning, útflutning eða annars konar dreifingu vörunnar eða þjónustunnar á því svæði.“

1. mgr. 7. tilskipunar ráðsins 89/104/EBE er hins vegar svohijóðandi:

1. Skrásetning vörumerkis veitir réttthafa ekki heimild til að banna notkun þess til að auðkenna vörur eða þjónustu hafi hann sjálfur sett þær á markað með því vörumerki í bandalaginu eða veitt samþykki sitt til þess.¹

FÍS telur að greina megi ákveðinn áherslu- og eðlismun milli 1. gr. frumvarpsins annars vegar og þýðingarinnar á 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar hins vegar. FÍS telur skýrara að nota beinan texta tilskipunarinnar sem markmiðið er að innleiða í stað þess að breyta honum og staðfæra með þeim hætti sem gert er í frumvarpinu. Slíkar breytingar eru til þess eins failnar að valda ruglinu og misskilningi enda á textinn að vera í fullu samræmi við það sem fram kemur í tilskipuninni.

Hér er því óþarfi að finna upp hjólið.

III. Annað

Að lokum áskilur FÍS sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst



Páll Rúnar Mikael Kristjánsson hdl.
Lögfræðingur Félags íslenskra stórkaupmanna



¹ The trade mark shall not entitle the proprietor to prohibit its use in relation to goods which have been put on the market in the Community under that trade mark by the proprietor or with his consent.

22.3.2009

Alþingi
Erindi nr. P 136/1414
komudagur 23. 3. 2009

Viðskiptanefnd Alþingis.

Samtök verslunar og þjónustu vísar til beiðnar viðskiptanefnd um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum, 415. mál.

Samtökin gera ekki athugasemdir við frumvarpið.

Með kveðju,

Sigurður Örn Guðleifsson

Alþingi
Erindi nr. P 136/1461
komudagur 24.3.2009



Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Brynhildur Pálmarsdóttir
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. mars 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum (415. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að kveðið verði skýrt á um það í lögnum að tæming réttinda við markaðssetningu taki einungis til EES svæðisins.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs